

Aðlögun nýrra barna á Yl

Mánudagur:

Barnið kemur í einkabíl með foreldri, það er gott að vera komin kl. 8:25. Beðið eftir rútunni og fylgjast með börnunum koma út úr henni, annað hvort úti eða inni í gegnum gluggann. Foreldri kemur inn með barninu og aðstoðar það úr útifötum. Barn og foreldri eru með í *morgunhring* og *kveðja* svo.

Þriðjudagur:

Barnið kemur í einkabíll með foreldri, bíða eftir rútunni (inni eða úti) og fylgjast með börnunum koma út úr henni. Foreldri kemur inn með barninu og aðstoðar úr útifötum. Barn og foreldri koma inn og eru saman í *morgunhring* og *morgunhressingu*, *kveðja* svo.

Miðvikudagur:

Barnið kemur í einkabíl með foreldri, bíða eftir rútunni og fylgjast með börnunum koma út úr henni. Foreldri kemur inn með barninu. Barn og foreldri koma inn og eru saman í *morgunhring* og *morgunhressingu*. Barnið fer í leik með börnunum og foreldri *skreppur frá í stutta stund* allt upp undir klukkustund og eftir það er farið heim.

Fimmtudagur:

Barnið kemur með rútunni. Foreldri kveður það við Kjarvalstaði við Klambratún (eða við Fylkishúsið við Rauðavatn) og segist hitta það í leikskólanum. Kemur með einkabíl, tekur á móti barninu úr rútunni og fer með því inn. Barn og foreldri eru saman í *morgunhring* en foreldri fer áður en morgunhressing byrjar. Foreldri sækir barnið fyrir hádegismat klukkan *hálf tólf*.

Föstudagur:

Barnið kemur með rútunni. Foreldri kemur með á einkabíl ef þörf þykir og *kveður* barnið þegar það er komið úr útifötunum. Barnið er sótt rétt fyrir *kl. tvö*.

Mánudagur:

Ef allt gengur vel þá verður þetta venjulegur dagur í leikskólanum.

Aðlögunin getur tekið mismunandi tíma fyrir hvert og eitt barn en mikilvægt er að fylgja þessari áætlun fyrstu vikuna til þess að aðlögunin gangi sem best fyrir sig. Það er einnig mikilvægt að sama foreldrið sjái um aðlögunina, það eykur á öryggistilfinningu barnsins. Ef einhvað þarf að ræða eða einhverjar spurningar vakna þá viljum við biðja ykkur vinsamlegast að ræða það ekki yfir barninu. En ykkur velkomið að hringja þegar þið eruð komin heim, hvort sem er á skrifstofuna eða persónulegu símana okkar.

Skrifstofan: 587 4499

Auður: 847 5344

Edda: 770 2876

Þórlaug: 845 1973